

Alþingi
Erindi nr. P 128/1133
komudagur 10.2.2003

Umsögn Landmælinga Íslands um tillögu til þingsályktunar um öflun grunngagna um náttúru Íslands og gerð náttúrufarskorta.

Landmælingar Íslands fagna að fram er komin þingsályktunartillaga um öflun gagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta. Stofnunin vill hinsvegar koma með eftirfarandi ábendingar um þingsályktunina:

1. Þar sem Ísland er stórt en fámenn land þarf að forgangsraða svæðum sem þarf að kortleggja með þeirri aðferðafræði sem lýst er í tillögunni. Um er að ræða mjög dýra gagnaöflun og því er forgangs röðun mjög mikilvæg.
2. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að nákvæmni við gagnaöflun er mismunandi eftir svæðum, sumstaðar þarf meiri nákvæmni en annars staðar.
3. Þingsályktunin fjallar aðeins um náttúrufarsupplýsingar en einnig þarf að leggja áherslu á að kortleggja aðra þætti s.s. jarðfræði og þætti sem tengjast ferðamennsku á hálendi landsins.
4. Landmælingar Íslands vilja koma því að framfæri að enn vantar mjög á að til séu kortagrunnar sem uppfylla gæðakröfur sem líklega eru undirstaða þeirra vinnu sem þingsályktunin fjallar um og í sumum tilfellum eru eingöngu til mjög gömul gögn. Stofnunin vinnur að gerð stafrænna gagnagrunna í mælikvaða 1:50.000 og 1:250.000 en mikilvægt er að fjármagn fáiast í gerð nákvæmari kortagrunna t.d. af láglandi landsins í 1:10.000 og að öðrum svæðum í mælikvarða 1:25.000.
5. Landmælingar Íslands taka undir það sem fram kemur í þingsályktuninni að mikilvægt er að skilgreina hvaða náttúrufarsgögn skulu framleiða á kostnað ríkisins og hvaða aðgangur skulu vera að þeim.
6. Landmælingar Íslands leggja mikla áherslu á að nýta nýjustu fjarkönnunartækni frá gervitunglum við öflun kortagagna og náttúrufarsgagna enda næst við það verulegur sparnaður og upplýsingar fást sem ekki er hægt að afla með öðrum aðferðum.

Að lokum er mikilvægt að þingsályktun þessi sé kostnaðarmetin.

Vinsamlega staðfestið móttöku þessa tölvupósts.

Bestu kveðjur
Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands